

FRAMLÍF FORINGJANS

(*Ein diabiographical Fragment*)

I

Í hægindastól á móti mér sat frú M., hinn ágæti miðill, sem í nokkur skipti hefir lofað mér að njóta góðs af sinni þýðingarmiklu gáfu. Hún var sofnuð fast, og um stund var þögn. En svo fór hún að tala upp úr svefninum. Svipur hennar var breyttur, rómurinn annar en í vöku. Og önnur meðvitund en vökuvitundin var það, sem talaði af vörum hennar. Það var meðvitund telpunnar sem ég hefi getið um áður, þessa skemmtilega og góða unglings, sem lifði í Reykjavík sína stuttu ævi, en ég hefi ekki kynnst, fyrr en eftir að hún fluttist til annarrar stjörnu. Í fyrsta skipti sem ég heyrði hana tala, og enn í nokkur önnur, hafði ég tekið dræmt, eða ekki, undir kveðju hennar. En ekki ætla ég að leyna því, að nú fagnaði ég henni eins og gömlum og alveg óvanalega skemmtilegum og fræðandi kunningja. Og enginn skal halda að ég viti ekki með fullkominni vissu, að það var íbúi annarrar stjörnu, sem ég átti tal við. Segi ég þetta, þó að ég muni vel, að það eru mjög margir sem ímynda sér að það þurfi meiri greind til þess að efast — þ.e.a.s. að vita ekki — heldur en til þess að vita.

II

Geturðu sagt mér nokkuð um Þórð Sighvatsson, spurði ég telpuna. Þórðar nafnið er mjög algengt hér, eins og menn vita, og Sighvats nafnið heldur ekki sjaldgæft, og mér þykir talsvert líklegt, að frú M. hefði ekki áttað sig á því í vöku, hvaða Þórð ég var að spryra um. En það var Þórður kakali, sem dó 1256.

Telman tók vel máli mínu, og spurði ég þá, hvernig Þórður

hefði verið í sjón. En hún svaraði aftur, eins og hún gæti, með tilstyrk þess sem hjálpaði henni, fengið að virða Þórð fyrir sér, eins og hann hafði verið í lifanda lífi, á 13. öld. Hann er hár og beinvaxinn, sagði hún, ekki feitur, hinn fríðasti sýnum. Hárið gult. Augun ljósblá, og úr nokkurri fjarlægð að sjá, er eins og lýsi úr þeim, svo að ekki sést hvernig þau eru lit.

Hefir hann ritað nokkuð, sagði ég. Því var játað. Stundum sé ég hann sitja og skrifa, var sagt, en stundum gengur hann um gólf og segir fyrir. Hið forna orðtæki, „að segja fyrir“, var notað, en ég tel vafalítio, að frúin hefði notað orðtækið „að lesa fyrir“, hefði hún vakandi ætlað að segja frá slíku. Þá bað ég að segja mér, hvað Þórður hefði ritað. En það gat hún ekki. Ég sé svo margar myndir, sagði hún, og allt ruglast fyrir mér.

III

Um dvalarstað Þórðar sagði telpan það, sem mig í fyrstu furðaði mjög mikið á að heyra. Hún sagði að Þórður væri í helviti, og að það helviti væri mjög miklu verra en það, sem vér erum í á jörðu hér. Hún orðaði þetta nú raunar ekki þannig; orðið helviti var ekki í hennar ræðu. Þórður er í stað, þar sem allt er öfugt, sagði hún, og hún tók það fram að þar væri miklu verra en á vorri jörð. Og er hér þó ekki gott, þar sem enginn er svo lánssamur, að ekki fari þó svo að lokum, að honum finnist lífið óbærilegt. Og fer því þó svo fjarri, að þannig eigi að vera, að það er þvert á móti tilgangi lífsins, að hver tilraun til lífs, skuli mistakast. — Á því furðaði mig mjög, að Þórður hinn rammi skyldi vera í hinum versta stað, eftir að hann hafði haft nálega 700 ár til að láta sér fara fram á öðrum stjörnum. Það verður að lesa Sturlungu gætilega, ef ekki á að dæma Þórð rangt og meta hann of lítils. Sá sem skrifar um hann, skildi hann ekki, og virðist ekki hafa verið neinn vinur hans. Þórður kakali var einn af ágætustu Íslendingum sem verið hafa, ógrimmur maður, og var þó móðir hans föðursystir Kolbeins unga, sem var maður í ómiskunsamasta lagi, þeirra sem íslenskir hafa

verið. Framganga Þórðar á Haugsnesfundi, einhverjum harðasta bardaga, sem háður hefir verið á Norðurlöndum, og ekki síður í orustunni á Húnaflóa, var þannig, að sjaldan mun hafa vasklegar verið. Það er hörmulegt, að Brandur Kolbeinsson, einn af bestu mönnum sinnar ættar, var drepinn, eftir Haugsnesfund en Hrafn Oddsson, sem síðar átti dóttur Sturlu Sighvatssonar, sýndi þar sitt góða vit, með því að geta þess til — ef ég skil orð hans rétt, — að ekki mundi Brandur verða drepinn, ef Þórður kæmi til. En að Brandur fékk ekki grið, hygg ég komi af því, að Þórður hafi verið veikur eftir orustuna. Hann hafði verið fremstur sinna manna og aðsókn mikil að honum. Og þó að rammur væri, þá hafði hjartað ofreynst, ef ég get rétt til. Og úr hjartalömun hygg ég hann hafi dáið, en ekki af því að Hákon gamli hafi látið gefa honum eitur; svo mikill níðingur var Hákon ekki, jafnvel þó að hann léti drepa Snorra Sturluson.

Þórður var menntamaður, eins og ég mun skýra nánar síðar, þegar ég rita um Sturlunga — og hann var góður maður og vægðarsamur. og þess vegna vakti það undrun mína, að hann skyldi vera í Víti nálegra 700 árum eftir dauða sinn. En mál þetta fór að horfa öðruvísí við, þegar telpan hélt áfram. Þórður er ekki í þessum vonda stað, af því að hann þurfi að vera þar, sagði hún. Hann er þar til að laga. Hann hefir farið þangað af frjálsum vilja.

IV

Um kvöldið, þegar ég var lagstur út af, og gat farið að hugsa betur um það, sem við hafði borið á þessum merkilega fundi, þá skildi ég. Þetta, sem sagt hafði verið, kom einmitt svo ágætlega heim við það sem af sögunni má ráða um skaplyndi Þórðar Sighvatssonar. Það var gott til krafta á þessum farsældar og prýðibæ, sem Grund var, þegar Þórður óx þar upp, enda þurfti hann þess mjög með síðar, að svo hafði verið. Fram fyrir hina fremstu gekk hann, þegar það skyldi þreyta, sem erfiðast var. Aldrei hefir foringi sjálfum sér síður hlift en hann. —

Og enn er svo. Og nú er göfuglegri framsóknin, og ekki

með sverðseggjum sigrað. Og mun þar vera mikil saga. Hið helvítlega, dysexeliktiska, öfugsnúningur atburðanna, er það sem Þórður hinn rammi er nú að berjast gegn, og ekki með helvítlegum aðferðum. Því að hið helvítlega verður ekki sigrað með hinu helvítlega, hatur ekki með hatri, morð ekki með morði.

Og enn skildi ég, hvað þetta sem sagt hafði verið af framlífsframgöngu eins hins glæsilegasta foringja sem þessi þjóð hefir eignast, kemur vel heim við skilning hinnar nýju aldar á Íslendingum. Því að þessi þjóð, sem með naumindum hefir dregið fram lífið í versnandi landi, og bjargað þó máli og menningu, sem ekki mátti undir lok líða, þessi þjóð er forustukyn jarðar vorrar. Hér er konungsætt mannkynsins, þó að úrkynjuð sé og torkennileg orðin. Og hér verða upptök að því að bjarga málstað mannkynsins. Hér framhald hinnar grísku framsóknar, þeirrar sem ekkert er af sagt í hinum miklu ritum Herodots og Púkydídess. Hér stefnt til sigurs fyrir norræna framsókn. Stefnt svo að rétt sé, viti beitt og vinmálum, en ekki vopnum.

Hér, þar sem auðnir og ísar gætu minnt á Helheim, verður byrjunin gerð til þess að sigra hið helvítlega. Hér horfið frá helstefnunni og tekin stefnan til lífsins.

1922.